

LÖG

um breytingu á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, og lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum (niðurlagning orkuráðs).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. tölul. 2. mgr. fellur brott.

b. 6. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar þrjú menn í ráðgjafarnefnd Orkusjóðs til fjögurra ára, þar af skal einn skipaður formaður. Ráðgjafarnefndin skal gera tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

II. KAFLI

Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

Lokamálsliður 8. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Orkustofnun annast daglega umsýslu sjóðsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015.

Gjört á Bessastöðum, 18. nóvember 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ragnheiður Elín Árnadóttir.